

# Útboðslýsing

Landsbréf - LEQ UCITS ETF hs.  
Verðbréfasjóður

Kt: 681212-9300

ISIN: IS0000023034

Bloomberg ticker: LEQ:IR

Rekstrarfélag er Landsbréf hf.

Nóvember 2021

# EFNISYFIRLIT

I. ALMENNT.....	3
UPPLÝSINGAR UM SJÓÐINN, REKSTRARFÉLAGIÐ OG VÖRSLUAÐILANN ..	5
1. Rekstrarfélag.....	5
2. Vörsluaðili.....	7
3. Um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða .....	7
4. Taka til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.....	8
5. Markmið og fjárfestingarstefna .....	8
6. Áhætta .....	9
7. Fyrri árangur sjóðsins.....	10
8. Notkun á vísitölunni OMXI10CAP .....	11
II. AÐRAR UPPLÝSINGAR .....	12
1. Réttindi eigenda hlutdeildarskírteina.....	12
2. Viðskipti með hlutdeildarskírteini .....	12
3. Eignaskipting og innlausnarvirði .....	14
4. Viðskiptavakt .....	14
5. Skattamál .....	14
6. Þóknunir, rekstrarkostnaður og annar kostnaður .....	15
7. Ársreikningur og árshlutauppgjör .....	16
8. Reglur og reglulegar skýrslur og fleira.....	16
VIÐAUKI 1: REGLUR.....	17

## I. ALMENNT

Útboðslýsing þessi er gerð með vísan til 56. og 58. gr. laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði. Tilgangurinn er að koma á framfæri nauðsynlegum upplýsingum til þess að viðskiptavinum sé kleift að meta kosti fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðsins Landsbréf – LEQ UCITS ETF hs.

Útboðslýsingin er samin af Landsbréfum hf. og er eftir bestu vitund rétt og í fullu samræmi við staðreyndir.

Til nánari glöggvunar eru hér stuttar skilgreiningar á orðum og hugtökum sem notuð eru í útboðslýsingunni.

<b>Almennur fjárfestir:</b>	Almennur fjárfestir er skilgreindur samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga sem viðskiptavinur sem er ekki fagfjárfestir.
<b>Arðgreiðslur:</b>	Arði og öðrum hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins skal bætt við höfuðstól hans eða hann eftir atvikum greiddur út til eigenda hlutdeildarskírteina.
<b>Fagfjárfestir:</b>	Fjárfestir sem býr yfir reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að taka sjálfur ákvarðanir um fjárfestingar og meta áhættuna sem þeim fylgir, sbr. nánar lög nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga.
<b>Fjárhæðir:</b>	Sjóðurinn gefur út hlutdeildarskírteini fyrir hlutdeild sjóðfélaga á hverjum tíma. Lágmarkskaup í sjóðnum eru 1.000.000 krónur að söluvirði við frumútgáfu.
<b>Grunnmynt:</b>	Grunnmynt sjóðsins er íslensk króna (ISK).
<b>Hlutdeildarskírteini:</b>	Fjármálagerningur sem er staðfesting á tilkalli allra þeirra sem eiga hlutdeild í hlutdeildarsjóði eða einstakri deild hans til hlutdeildar í hreinni eign sjóðsins.
<b>Hlutdeildarsjóður:</b>	Sjóður um sameiginlega fjárfestingu sem stofnað er til af rekstrarfélagi og í reglum sjóðsins kemur fram að hann sé hlutdeildarsjóður.
<b>Innlausn:</b>	Landsbréf eru skuldbundin til að innleysa hlutdeildarskírteini í sjóðnum að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir á innlausnardegi eftir þeim reglum sem um innlausn gilda. Þó er heimilt að fresta innlausn hlutdeildarskírteina mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess, enda sé frestunin almenn og taki til allra hlutdeildarskírteina.
<b>Markaðssetning:</b>	Tilboð eða hvatning til fjárfesta með auglýsingum eða annarri kynningu að frumkvæði rekstrarfélags eða fyrir þess hönd um kaup á hlutdeildarskírteinum í verðbréfasjóði sem það rekur. Landsbréf – LEQ UCITS ETF hs. er markaðssettur á Evrópska efnahagsvæðinu.
<b>Rekstrarfélag:</b>	Rekstrarfélag verðbréfasjóða er lögaðili sem hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands til að reka einn eða fleiri verðbréfasjóði með reglubundnum hætti. Landsbréf hf., kt. 691208-0520, (hér eftir „Landsbréf“ eða „rekstrarfélagið“), Borgartúni 33, 105 Reykjavík, er rekstrarfélag sjóðsins.
<b>Réttindi:</b>	Allir sem eiga hlutdeild í sjóðnum eiga sama rétt til hlutdeildar í hreinni eign sjóðsins í hlutfalli við eignarhlutdeild sína í sjóðnum.
<b>Sjóðurinn:</b>	Landsbréf – LEQ UCITS ETF hs., kt. 681212-9300 (hér eftir „Landsbréf - LEQ“ eða „sjóðurinn“), er verðbréfasjóður sem starfræktur er í samræmi við ákvæði í lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði. Sjóðurinn er vísitölusjóður sbr. 68. gr. sömu laga og ennfremur kauphallarsjóður (e. Exchange-Traded Fund (ETF)) þar sem hlutdeildarskírteini sjóðsins eru skráð í kauphöll. Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður og er ekki deildaskiptur.

- Starfsemi:** Sjóðurinn veitir viðtöku fé frá fjárfestum til sameiginlegrar fjárfestingar í hlutabréfum sem endurspeglar samsetningu OMX Iceland 10 Cap vísitölunnar (ISIN-númer: IS0000018901) (hér eftir „OMXI10CAP“) sem Nasdaq Iceland hf. (hér eftir „Kauphöllin“) reiknar á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrirfram kunngerðri fjárfestingastefnu.
- Stofndagur:** 10. apríl 2013.
- Taka til viðskipta:** Sjóðurinn var tekinn til viðskipta í Kauphöllinni þann 15. ágúst 2013.
- Upplýsingar:** Hægt er að nálgast þau gögn sem vitnað er til í útboðslýsingu þessari á skrifstofu Landsbréfa, vefsíðu rekstrarfélagsins, landsbref.is, afgreiðslustöðum Landsbankans og vefsíðu, landsbankinn.is.
- Vísitölusjóður:** Sjóður sem stýrt er með óvirkum hætti, eingöngu er fjárfest í þeim verðbréfum sem mynda ákveðna vísitölu, í sömu hlutföllum og hún er samsett á hverjum tíma. Landsbréf - LEQ er vísitölusjóður sem fylgir íslensku kauphallarvísitölunni OMX Iceland 10 Cap (OMXI10CAP).
- Vörsluaðili:** Vörsluaðili er lögaðili sem hefur heimild frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands til að annast vörslu verðbréfasjóða samkvæmt VI. kafla laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði. Landsbankinn hf., (hér eftir „Landsbankinn“ eða „vörsluaðili“) kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, er vörsluaðili sjóðsins.

# UPPLÝSINGAR UM SJÓÐINN, REKSTRARFÉLAGIÐ OG VÖRSLUAÐILANN

## 1. Rekstrarfélag

Landsbréf, sem er rekstrarfélag sjóðsins, var stofnað í desember 2008. Hlutfé Landsbréfa nemur 35.000.000 kr. og er það allt greitt. Landsbréf eru dótturfélag Landsbankans.

Landsbréf annast rekstur verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við lög, ákvörðun stjórnar og reglur sjóðanna. Landsbréf eru fjármálastofnun með starfshemildir sem rekstrarfélag verðbréfasjóða og rekstraraðili sérhæfðra sjóða, en hafa auk þess heimildir til að sinna eignastýringu og fjárfestingarráðgjöf fyrir einstaklinga og lögaðila. Landsbréf lúta samkvæmt lögum eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Rekstrarfélag og vörsluaðili skulu vera óháð í störfum sínum og ætíð hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi. Rekstrarfélagið skal einnig vinna í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur með trúverðugleika markaðarins og hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi. Landsbréf hafa sett sér reglur um það hvernig tekið skuli á mögulegum hagsmunaaðrekstrum í starfsemi og má nálgast útdrátt úr þeim á vefsíðu rekstrarfélagsins, landsbref.is.

Rekstrarfélagið tilnefnir sjóðstjóra fyrir sjóðinn og taka þeir ákvarðanir um fjárfestingar hans. Sjóðstjórar sjóðsins eru starfsmenn rekstrarfélagsins.

Stjórn Landsbréfa skipa:

Þórunna Jónsdóttir, formaður, kt. 191268-3779, stjórnendaráðgjafi og lektor við viðskiptafræðideild Háskólans í Reykjavík

Magnús Magnússon, kt. 160965-4799, sérfræðingur á fyrirtækjasviði Landsbankans

Guðmunda Ósk Kristjánsdóttir, kt. 020976-3149, viðskiptastjóri hjá Landsbankanum

Haraldur Flosi Tryggvason Klein, kt. 291166-4079, lögmaður hjá LMB Mandat slf.

Erna Eiríksdóttir, kt. 110963-2039, fjármálastjóri Borgarplasts ehf. (Erna var kjörin varamaður í stjórn félagsins á aðalfundi í apríl 2021, en tók sæti aðalmanns í stjórninni þegar Signý Sif Sigurðardóttir sagði sig úr stjórn félagsins í ágúst 2021).

Varamenn í stjórn:

Guðjón Valgeir Ragnarsson, kt. 300364-5279, sérfræðingur hjá Landsbankanum

Erna Eiríksdóttir, kt. 110963-2039, fjármálastjóri Borgarplasts ehf.

Framkvæmdastjóri Landsbréfa er Helgi Þór Arason, kt. 160375-5079.

Endurskoðandi Landsbréfa er PricewaterhouseCoopers ehf. kt. 690681-0139, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík.

Hjá Landsbréfum starfar 21 starfsmaður sem flestir hafa langa reynslu af fjármálamörkuðum. Á aðalfundi félagsins er árlega samþykkt starfskjarastefna fyrir félagið, en starfskjaranefnd sem er undirnefnd stjórnar gerir tillögu að þeirri stefnu sem stjórn leggur fyrir aðalfund til samþykktar. Í starfskjaranefnd Landsbréfa sitja Þórunna Jónsdóttir, Haraldur Flosi Tryggvason Klein og Erna Eiríksdóttir. Í starfskjarastefnunni, sem birt er á vefsíðu Landsbréfa (landsbref.is) kemur fram að við ákvörðun á starfskjörum starfsmanna skuli miðað við að starfskjör séu samkeppnishæf, en þó hóflega og ekki leiðandi. Allir starfsmenn eru á föstum launum og eru ekki greiddir kaupaukar í félaginu. Fjárfestar geta óskað eftir afriti af starfskjarastefnu á pappír án endurgjalds.

Landsbréf hafa gert samning við Landsbankann um útvistun ýmissa verkefna tengdum sjóðum sem félagið annast rekstur á, í samræmi við 22. gr. laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði. Í samræmi við þetta samkomulag annast Landsbankinn eftirtalin verkefni:

- Annast eftirlit með mati rekstrarfélagsins á verðmæti verðbréfa og annarra eigna sjóðsins.
- Heldur skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina, annast vörslu hlutdeildarskírteina eftir því sem við á og einnig vörslu annarra gagna um viðskipti
- Annast innri endurskoðun á starfsemi Landsbréfa, regluvörslu og hefur umsjón með rekstri tölvukerfa Landsbréfa.
- Annast sölu- og markaðsmál fyrir sjóði í rekstri Landsbréfa.
- Annast bókhald og uppgjör sjóðsins.
- Greiðir viðeigandi þóknanir fyrir sjóðinn.
- Gerir mánaðarlegt uppgjör sjóðsins, á samskipti við endurskoðanda í samráði við Landsbréf, vinnur skýrslur til opinberra aðila og hlutdeildarskírteinishafa að höfðu samráði og eftir ákvörðun Landsbréfa.

Útvistun verkefna leysir rekstrarfélagið að engu leyti undan þeirri ábyrgð sem það ber á hinum útvistuðu verkefnum, sbr. 24. gr. laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði.

Þann 1. nóvember 2021 voru 9 verðbréfasjóðir í rekstri Landsbréfa. Þeir eru:

Landsbréf - Sparibréf verðtryggð  
Landsbréf - Sparibréf óverðtryggð  
Landsbréf – Markaðsbréf  
Landsbréf - Sparibréf stutt  
Landsbréf - Sparibréf meðallöng  
Landsbréf - Sparibréf plús  
Landsbréf – LEQ UCITS ETF  
Landsbréf - Global Equity Fund  
Landsbréf - Nordic 40

Landsbréf reka 17 sérhæfða sjóða fyrir almenna fjárfesta, sbr. X. kafla laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Þeir eru:

Landsbréf – Markaðsbréf sértryggð hs.  
Landsbréf – Veltubréf hs.  
Landsbréf – Veltubréf plús hs.  
Landsbréf – Öndvegisbréf hs.  
Landsbréf – Úrvalsbréf hs.  
Landsbréf – Eignadreifing langtíma hs.  
Landsbréf – Eignadreifing vöxtur hs.  
Landsbréf – Eignadreifing virði hs.  
Landsbréf – Eignadreifing sjálfbær hs.  
Landsbréf – Einkabréf A hs.  
Landsbréf – Einkabréf B hs.  
Landsbréf – Einkabréf C hs.  
Landsbréf – Einkabréf D hs.  
Landsbréf – Einkabréf E hs.  
Landsbréf – Fyrirtækjaskuldabréf hs.  
Landsbréf – Multi Asset Fund hs.  
Landsbréf - Global Portfolio hs.

Landsbréf reka jafnframt 14 aðra sérhæfða sjóði sem ekki eru markaðssetir til almennra fjárfesta. Þeir eru:

Landsbréf – Hvatning slhf.  
Landsbréf – BÚS I  
Brunnur vaxtarsjóður slhf.  
Brunnur vaxtarsjóður II slhf.  
Horn II slhf.  
Horn III slhf.  
Horn IV slhf.  
Landsbréf veðskuldabréfasjóður slhf.

Landsbréf – Icelandic Tourism Fund slhf.  
Landsbréf - Hekla hs.  
Landsbréf - Askja hs.  
Drangar Fund  
Landsbréf – Veðskuldabréfasjóður II hs.  
Landsbréf – Fixed Income Opportunity Fund

Upplýsingar um sjóði rekstrarfélagsins sem markaðssettir eru til almennra fjárfesta má finna á öllum afgreiðslustöðum Landsbankans, á vefsíðu Landsbréfa, landsbref.is sem og á vefsíðu Landsbankans, landsbankinn.is.

Landsbréf sjá um stýringu eigna sjóðanna í rekstri félagsins með kaupum og sölum á fjármálagerningum í samræmi við fjárfestingarstefnu og reglur hvers sjóðs. Þá skulu Landsbréf hafa eftirlit með störfum Landsbankans vegna þeirra verkefna sem útvistað hefur verið til bankans, samanber framangreint.

Auk sjóðastýringar sinna Landsbréf eignastýringu fyrir viðskiptavinum á grundvelli samninga þar að lútandi samkvæmt starfsleyfi félagsins til að sinna eignastýringu og fjárfestingaráðgjöf.

## 2. Vörsluaðili

Landsbréf hafa gert vörslusamning við Landsbankann þess efnis að bankinn annist umsjón og varðveislu fjármálagerninga í eigu sjóða í rekstri félagsins. Landsbankinn er fjármálafyrirtæki með höfuðstöðvar í Austurstræti 11 í Reykjavík og er meginstarfsemi hans alhliða banka- og fjármálaþjónusta, Landsbankinn er móðurfélag Landsbréfa.

Hlutverk vörsluaðila er skilgreint í 45.-47. gr. laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði og eru skyldur vörsluaðila síðan ítarlega útfærðar í vörslusamningi Landsbréfa og Landsbankans. Vörsluaðili vaktar sjóðstreymi verðbréfasjóða í vörslu og fylgist með að allir fjármunir verðbréfasjóðs séu lagðir á reikninga sjóðsins, reikninga rekstrarfélags eða vörsluaðila fyrir hönd sjóðsins. Vörsluaðili skal varðveita alla fjármálagerninga í eigu verðbréfasjóðs og tryggja aðgreiningu þeirra frá fjármálagerningum annarra, þ.m.t. vörsluaðila eða rekstrarfélags og lágmarka þannig mögulega hagsmunaaðreka. Hann skal jafnframt sannreyna eignarhald verðbréfasjóðs á eignum sjóðs og halda skrá yfir þær eignir. Þá skal vörsluaðili:

1. tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina sé samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og reglum verðbréfasjóðs,
2. tryggja að útreikningur á virði hlutdeildarskírteina sé gerður samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og reglum verðbréfasjóðs,
3. framfylgja fyrirmælum rekstrarfélags nema þau brjóti í bága við lög, stjórnvaldsfyrirmæli eða reglur verðbréfasjóðs,
4. tryggja að í viðskiptum með eignir verðbréfasjóðs sé sjóðnum greitt endurgjald innan eðlilegra tímamarka og
5. tryggja að tekjur verðbréfasjóðs séu notaðar í samræmi við lög og reglur sjóðsins.

Samkvæmt 51. gr. laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði, ber vörsluaðili ábyrgð gagnvart verðbréfasjóði og eigendum hlutdeildarskírteina á því þegar fjármálagerningur í vörslu hans eða útvistunaraðila glatast, nema hann geti sýnt fram á að fjármálagerningur hafi glatast vegna utanaðkomandi atviks sem ekki með sanngirni er hægt að ætlast til að vörsluaðili hafi getað haft stjórn á og afleiðingar atviksins voru óhjákvæmilegar þótt vörsluaðili hefði gripið til þeirra ráðstafana sem með sanngirni hefði mátt ætlast til af honum. Vörsluaðili ber ábyrgð á öðru tjóni sem hann veldur verðbréfasjóði eða eigendum hlutdeildarskírteina með ásetningi eða stórfelldu gáleysi við framfylgd verkefna sinna sem vörsluaðili.

## 3. Um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða

Verðbréfasjóðir í rekstri Landsbréfa eru staðfestir af Fjármálaeftirlitinu og hafa að öðru jöfnu heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu. Munurinn á sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta sem reknir eru samkvæmt X. kafla laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, sem ekki hafa heimild til markaðssetningar innan Evrópska efnahagssvæðisins, og verðbréfasjóðum (UCITS) er einkum fólgin í því að heimildir verðbréfasjóða til fjárfestinga eru háðar meiri takmörkunum en heimildir þessara sérhæfðu sjóða. Til að mynda eru heimildir verðbréfasjóða til fjárfestinga í verðbréfum, sem gefin eru út af sama aðila, þrengri heldur en gilda

um sérhæfðu sjóðina. Nánari útlitun á fjárfestingarheimildum verðbréfasjóða er að finna í IX. kafla laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði, sbr. og reglur sjóðsins sem birtar eru sem viðauki við útboðslýsingu þessa.

#### 4. Taka til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði

Sjóðurinn var tekinn til viðskipta í Kauphöllinni þann 15. ágúst 2013. Hlutdeildarskírteini í sjóðnum eru gefin út sem rafrétt hjá Nasdaq CSD. Um útgáfuna gilda lög nr. 7/2020 um verðbréfamistöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna. Auðkenni sjóðsins í viðskiptakerfi Kauphallarinnar er LEQ og ISIN númerið IS0000023034. Landsbréf birta eignasamsetningu sjóðsins daglega á vefsíðu félagsins.

#### 5. Markmið og fjárfestingarstefna

Markmið sjóðsins er að endurspegla samsetningu og ávöxtun OMXI10CAP vísitölunnar sem Kauphöllin reiknar, í sömu hlutföllum og hún er samsett á hverjum tíma. Landsbréf - LEQ fjárfestir eingöngu í félögum sem eru í OMXI10CAP vísitölunni eða í þeim félögum sem staðfest hefur verið af Kauphöllinni að muni mynda hana. Gengisþróun sjóðsins mun því endurspegla gengisþróun OMXI10CAP vísitölunnar að teknu tilliti til kostnaðar við stýringu og arðgreiðslna fyrirtækja. Upplýsingar um samsetningu vísitölunnar á hverjum tíma má nálgast á eftirfarandi vefslóð:

<https://indexes.nasdaqomx.com/Index/Weighting/OMXI10CAP>

##### Fyrir hvern er sjóðurinn

Sjóðurinn er ætlaður almennum fjárfestum (einstaklingum og lögaðilum) sem og fagfjárfestum. Landsbréf - LEQ er góður kostur fyrir þá sem vilja ávaxta fé sitt í innlendum hlutfélögum sem mynda OMXI10CAP vísitölu Kauphallarinnar og njóta áhættudreifingar um leið. Eignaskipting Landsbréfa - LEQ er sú sama og OMXI10CAP vísitala Kauphallarinnar. Kaup í Landsbréfum - LEQ er langtímafjárfesting þar sem búast má við miklum sveiflum í ávöxtun sjóðsins til skemmri tíma.

##### Fjárfestingarstefna

Landsbréf - LEQ mun endurspegla samsetningu og ávöxtun OMXI10CAP vísitölunnar sem Kauphöllin reiknar. Landsbréf - LEQ fjárfestir því eingöngu beint í hlutabréfum sem mynda OMXI10CAP vísitöluna á hverjum tíma. Fjárfestingarstefna sjóðsins er eftirfarandi:

Tegund verðbréfa	%
Skráð hlutabréf í Kauphöllinni sem endurspegla samsetningu OMXI10CAP vísitölunnar á hverjum tíma	100%

Um fjárfestingarstefnuna gilda jafnframt almennar takmarkanir um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða skv. IX. kafla laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði.

Landsbréf - LEQ er vísitölusjóður í skilningi 68. gr. laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og er ennfremur kauphallarsjóður (e. ETF). Eignasamsetning OMXI10CAP er endurskoðuð að lágmarki tvisvar á ári og aðlagar sjóðurinn eignasamsetningu sína í samræmi við breytta samsetningu OMXI10CAP.

Kauphöllin endurskoðar OMXI10CAP með tilliti til þessara þátta tvisvar á ári vegna:

- Breytinga á flotleiðréttingu félaga OMXI10CAP
- Breytinga á félögum sem mynda OMXI10CAP

Ennfremur er OMXI10CAP endurskoðuð daglega með tilliti til hámarksvægis félaga í henni. Við daglega endurskoðun má stærsta félagið í OMXI10CAP ekki veða meira en 35% af vísitölunni og næstu félög á eftir mega ekki veða meira en 20% hvert. Hins vegar er vísitalan endurskoðuð með tilliti til hámarksvægis tvisvar á ári þar sem stærsta félagið má ekki veða meira en 30% en önnur félög ekki meira en 15%.

Hvað nánari aðferðarfræði vísitölunnar varðar er vísað til eftirfarandi vefslóðar á vef Kauphallarinnar:

<https://indexes.nasdaqomx.com/Index/Overview/OMXI10CAP>



Allar arðgreiðslur sem sjóðurinn fær vegna hlutabréfaeignar sinnar verða endurfjárfestar í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins. Stjórn Landsbréfa er heimilt að greiða út arð úr sjóðnum ef frávik ávöxtunar Landsbréfa - LEQ frá ávöxtun OMX10CAP verður meira en 1%. Tilkynna skal um greiðslu og fyrirkomulag greiðslu arðs í Kauphöllinni með minnst eins mánaðar fyrirvara. Að öðru leyti skal arði og öðrum hagnaði af verðbréfum í eigu sjóðsins endurfjárfest innan ramma fjárfestingarstefnu hans.

Að öllu jöfnu er sjóðurinn fullfjárfestur. Þegar sjóðurinn er að aðlaga eignaskiptingu sína vegna breytinga á OMX10CAP vísitölunni og innstreymis eða útstreymis úr sjóðnum getur þó myndast tímabundin lausafjárstaða.

Áætlað er að fylgnifrávik sjóðsins (e. tracking error), sem er flókt á þeim mun sem er á ávöxtun sjóðsins og vísitölnnar sem hann fylgir, verði ekki meira en 2% við eðlilegar markaðsaðstæður. Arðgreiðslur, umsýslubókun, viðskiptakostnaður ásamt öðrum beinum kostnaði sem sjóðurinn greiðir veldur því að ávallt er munur á ávöxtun sjóðsins og vísitölnnar OMX10CAP.

Sjóðnum er ekki heimilt að eiga viðskipti með afleiður.

## 6. Áhætta

Fjárfesting í fjármálagerningum felur ætíð í sér áhættu. Fjárfesting í hlutdeildarskírteinum – verðbréfasjóða er að jafnaði áhættuminni en þegar keyptir eru einstakir fjármálagerningar því hver sjóður dreifir áhættu fjárfesta með kaupum í fleiri en einum flokki fjármálagerninga. Hlutdeildarskírteini sjóðsins geta engu að síður lækkað í verði ekki síður en hækkað og eru því ekki áhættulaus og fjárfestar kunna að fá minna til baka en upphaflega var fjárfest fyrir. Hlutabréf eru í eðli sínu áhættusöm fjárfesting og afkoma þeirra félaga sem sjóðurinn á hlutabréf í hefur bein áhrif á gengi sjóðsins.

Sveiflur í gengi sjóðsins geta verið miklar vegna sveiflna í gengi þeirra hlutabréfa sem sjóðurinn fjárfestir í. Ófyrirséðir atburðir, almennt efnahagsástand, ný eða breytt löggjöf, náttúruhamfarir, farsóttir, vinnustöðvanir og breytingar á skattalögum svo dæmi séu tekin geta valdið verðlækkun á verðbréfamarkaði, þar með talið á gengi hlutdeildarskírteina. Hafa ber í huga að ávöxtun í fortíð er ekki endilega vísbending um ávöxtun í framtíð.

Hér að neðan er gerð grein fyrir helstu áhættuþáttum sem hafa þarf í huga áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í sjóðnum. Upptalningin er þó ekki tæmandi fyrir þá þætti sem geta haft áhrif á gengi sjóðsins.

**Markaðsáhætta** fylgir öllum fjármálagerningum og er ekki er hægt að eyða með dreifðu eignasafni. Hana má skilgreina sem hættuna á tapi sjóðsins vegna sveiflna á markaðsvirði eigna í eignasafni hans sem rekja má til breytinga á markaðsbreytum, svo sem vöxtum, gengi erlendra gjaldmiðla, hlutabréfa- og hrávöruverði eða lánshæfi útgefenda. Undir markaðsáhættu falla til dæmis gengisáhætta og vaxtaáhætta.

**Gengisáhætta** er áhætta sem felst í því að gengi verðbréfa og gjaldmiðla getur sveiflast með ófyrirsjáanlegum hætti og haft þannig áhrif á ávöxtun í sjóðnum.

**Vaxtaáhætta** felst í áhrifum breytinga á markaðsvöxtum á verðmyndun verðbréfa. Hækki ávöxtunarkrafa á markaði leiðir það til lækkunar á verði verðbréfa og öfugt. Ávöxtunarkrafa skuldabréfa getur hækkað og verð hlutabréfa lækkað til dæmis við vaxtahækkunar Seðlabanka eða vegna mikils framboðs.

**Landsbundin áhætta** er til staðar í sjóðnum. Sjóðurinn fjárfestir í hlutabréfum sem mynda OMX10CAP vísitöluna og þar með eru fjárfestingar sjóðsins óháðar því á hvaða landsvæði þessi fyrirtæki starfa. Hagkerfum einstakra landa kann að vera mismunandi háttáð, til hins betra eða verra, hvað snertir atriði á borð við vöxt í svæðisbundinni framleiðslu eða landsframleiðslu, verðbólgu, regluverk, endurfjárfestingu, sjálfsþurft eða greiðslujöfnuð. Landsbundin áhætta getur einnig skapast vegna óvissu um ytri aðstæður, til dæmis um það hvort skattareglur verði óbreyttar til framtíðar. Jafnframt getur hún skapast vegna átaka, stjórnmáladeilna, hryðjuverka, styrjala, náttúruhamfara, farsóttar og annarra álíka aðstæðna.

**Gjaldmiðlaáhætta** er til staðar í sjóðnum. Mörg þeirra fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í eru með stóran hluta sjóðsstreymis síns í erlendum gjaldeyri. Sveiflur í gengi gjaldmiðla geta því haft áhrif á hagnað þeirra og þannig leitt til hækkunar eða lækkunar á gengi viðkomandi fyrirtækja í Kauphöllinni.

*Áhætta tengd vísitölu* er í sjóðnum þar sem fjárfest er aðeins í þeim hlutabréfum sem mynda OMXI10CAP vísitöluna eins og hún er samsett á hverjum tíma og fylgir sjóðurinn samsetningu vísitölnnar sem hefur bein áhrif á gengi hans til lækkunar eða hækkunar.

*Áhætta tengd smæð markaðar eða eignatengsl útgefanda verðbréfa.* Íslenskur verðbréfamarkaður er smár í sniðum og því fylgir að kaupendur og seljendur einstakra verðbréfa eru oft fáir. Af þeim sökum getur verðmyndun á markaði verið ógagnsæ og óvirkari en gerist á stærri mörkuðum. Einnig geta eignatengsl verið á milli útgefanda verðbréfa sem getur leitt til þess að greiðslufall einstakra útgefanda hefur víðtækari áhrif en annars myndi verða.

*Seljanleikaáhætta/Lausafjáraáhætta* er til staðar í sjóðnum þar sem sú staða gæti komið upp að erfitt reynist að selja hlutabréf tímanlega á ásættanlegu verði, til dæmis ef miklar innlausnir verða í sjóðnum eða ef samþjöppun eigna veldur broti á fjárfestingarstefnu.

*Skuldaraáhætta (greiðsluáhætta)* er í sjóðnum. Skuldaraáhætta er sú áhætta að útgefandi verðbréfs standi ekki við skuldbindingar sínar og fari í gjaldþrot eða nauðasamninga og fjárfesting tapist því að hluta til eða að öllu leyti. Innlánakröfur geta tapast við gjaldþrot fjármálastofnunar sem sjóðurinn á innlán hjá.

*Uppgjörsáhætta* er til staðar í sjóðnum ef útgefandi eða mótaðili í viðskiptum greiðir ekki eða afhendir ekki fjármálagerning á réttum tíma.

*Vörsluáhætta* er í sjóðnum þar sem eignir í vörslu geta tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna af hálfu vörsluaðila.

*Rekstraráhætta* er í sjóðnum og gæti sjóðurinn tapað fjármunum vegna ófullnægjandi innri ferla og mistaka í tengslum við mannauð og kerfi rekstrarfélagsins, eða vegna ytri atburða, þ.m.t. lagaleg áhætta og áhætta vegna verklags við viðskipti, miðlun, uppgjör og mat sem innt er af hendi fyrir hönd sjóðsins.


Rekstrarfélag sjóðsins fer með áhættustýringu sjóðsins og er hún aðskilin frá bæði sjóðastýringu og eignastýringu rekstrarfélagsins. Í áhættustýringu felst m.a. að vakta og mæla áhættur í rekstri sjóðsins, fylgjast með að sjóðurinn sé ávallt innan þess ramma sem reglur sjóðsins og lög setja á hverjum tíma. Ef sjóðurinn fer út fyrir mörk fjárfestingarstefnu tilkynnir áhættustýring bæði stjórn rekstraraðilans og Fjármálaeftirlitinu um atvikið og gengur úr skugga um að gerðar séu úrbætur án tafa.

## 7. Fyrri árangur sjóðsins

Ávöxtun sjóðsins á síðastliðnum 10 árum er sýnd á myndinni hér fyrir neðan, nafnávöxtun í íslenskum krónum, að frádregnum kostnaði sem fallið hefur á sjóðinn á hverjum tíma, svo sem umsýslupóknun, viðskiptakostnaði og öðrum kostnaði. Gjald við kaup og afgreiðslugjald sem er innheimt fyrir fjárfestingu er ekki innifalið í útreikningi á árangri sjóðsins. Viðmið sjóðsins er OMXI10CAP og eru ávöxtunartölur vísitölnnar án arðs.

Sjóðurinn var stofnaður í apríl 2013.

**Hafa ber í huga að ávöxtun í fortíð er ekki endilega vísbending um ávöxtun í framtíð.**



## 8. Notkun á vísitölunni OMXI10CAP

Landsbréf hafa gert samning við Nasdaq Inc. um notkun á vísitölunni OMXI10CAP. Í þeim samningi er skilyrt að fyrirvari Nasdaq Inc. um notkun samningsaðila á vísitölunni komi fram í reglum og útboðslýsingu sjóðsins. Fyrirvarinn er eftirfarandi:

Varan/vörurnar (hér eftir „varan“) er ekki kostuð, samþykkt, seld eða auglýst af Nasdaq Inc. eða hlutdeildarfélagum þess (hér eftir er vísað til Nasdaq og hlutdeildarfélaga saman sem „fyrirtækjanna“). Fyrirtækin hafa ekki sannreynt lögmæti eða réttmæti vörunnar, né nákvæmni eða tæmanleika tengdra lýsinga og fyrirvara. Fyrirtækin ábyrgjast á engan hátt hagkvæmni fjárfestinga í verðbréfum almennt eða vörunni sérstaklega, hvorki gangvart eigendum vörunnar eða almenningi, né ábyrgjast fyrirtækin hæfni vísitölunnar OMXI10CAP til að lýsa hreyfingu á hlutabréfamarkaði. Einu tengsl fyrirtækjanna við Landbréf hf. („leyfishafa“) er veiting á leyfi á notkun skrásettu vörumerkjanna NASDAQ®, OMX®, NASDAQ OMX®, auk ákveðinna vöruheita fyrirtækjanna og notkun á OMXI10CAP vísitölunni sem er ákvörðuð, grundvölluð og reiknuð út af NASDAQ OMX án tillits til leyfishafa eða vörunnar. NASDAQ OMX er á engan hátt skuldbundið til að taka tillit til þarfa leyfishafa eða eigenda vörunnar við ákvörðun, grundvöllun og útreikning OMXI10CAP vísitölunnar. Fyrirtækin bera ekki ábyrgð á, né taka þau þátt í, að ákvarða tímasetningu útgáfu, verðlagningu eða magn vörunnar sem selja skal. Fyrirtækin bera heldur ekki ábyrgð á né taka þátt í að reikna út formúluna sem notuð er við útreikning á virði vörunnar í reiðufé. Fyrirtækin eru á engan hátt bótaskyld vegna framkvæmdar eða markaðssetningar í tengslum við vöruna eða viðskipta með hana.

Fyrirtækin ábyrgjast ekki nákvæman og/eða órofinn útreikning á OMXI10CAP vísitölunni né þeim gögnum sem hún samanstendur af. Fyrirtækin ábyrgjast á engan hátt þær niðurstöður sem leyfishafi, eigendur vörunnar eða nokkur annar aðili byggja á notkun á OMXI10CAP vísitölunni né þeim gögnum sem hún samanstendur af. Fyrirtækin ábyrgjast á engan hátt og lýsa sérstaklega yfir að þau tryggja ekki seljanleika eða nothæfi OMXI10CAP vísitölunnar né þeirra gagna sem hún samanstendur af í neinum ákveðnum tilgangi. Án þess að fyrirvari sé gerður við nokkuð ofangreint, skulu fyrirtækin ekki teljast bótaskyld vegna hvers konar taps eða sértæks, tilfallandi, refsiverðs, óbeins eða afleidds tjóns, jafnvel þó fyrirtækinu hafi verið gert viðvart um möguleikann á slíku tjóni.

## II. AÐRAR UPPLÝSINGAR

### 1. Réttindi eigenda hlutdeildarskírteina

Þeir sem fá sjóðnum fjármuni til ávöxtunar fá í hendur kvittun, sem staðfestir hlutdeild þeirra í sjóðnum, og er nafn þeirra og kennitala ásamt heildarhlutdeild skráð í hlutdeildarskírteinaskrá. Landsbankinn sem er vörsluaðili sjóðsins, sér um hlutdeildarskírteinaskrá. Hlutdeildarskírteini veitir eiganda ekki atkvæðisrétt um málefni sjóðsins. Ef sérstaklega er óskað eftir því gefur rekstrarfélagið út hlutdeildarskírteini, gegn 2.000 kr. endurgjaldi. Slík útgefin hlutdeildarskírteini skulu ávallt endurspeglar heildarhlutdeild viðkomandi í sjóðnum og ef breyting verður á eignarhlutdeild vegna sölu eða innlausnar skal nýtt hlutdeildarskírteini gefið út í stað eldra útgefins skírteinis sem þar með telst ógilt.

Allir sem eiga hlutdeild að sjóðnum eiga sama rétt til eigna og tekna sjóðsins í hlutfalli við eign sína og eru skírteinin staðfesting á tilkalli til hlutdeildar í hreinni eign sjóðsins. Eigandi hlutdeildarskírteinis hefur réttarstöðu lánardrottins gagnvart sjóðnum, þó þannig að tilkall hlutdeildarskírteinishafa er ávallt til hlutdeildar í hreinni eign sjóðsins. Hafi hlutdeildarskírteini gengið kaupum og sölum án innlausnar ber að tilkynna eigendaskiptin til vörsluaðila og öðlast þau ekki gildi fyrr en slík tilkynning hefur átt sér stað og nýtt hlutdeildarskírteini verið gefið út til framsalshafa og er hlutdeild þá skráð á nafn og kennitölu hans. Slíkar tilkynningar, ásamt öðrum upplýsingum sem berast varðandi eignarhald á skírteinum, skulu færðar inn á skrá og heimildartilkynningar getið. Hlutdeildarskírteini verða eingöngu seld gegn staðgreiðslu.

Engar takmarkanir skulu vera á eigendaskiptum að hlutdeildarskírteinum hvort sem er fyrir afsalsgerninga eða af öðrum ástæðum. Glatist hlutdeildarskírteini á eigandinn rétt á að fá nýtt skírteini útgefið strax og hið eldra hefur verið ógilt með dómi. Sá hlutdeildarskírteinishafi sem fer fram á ógildingun hlutdeildarskírteinis ber kostnað af ógildingun.

Stjórn Landsbréfa getur tekið ákvörðun um breytingar á reglum sjóðsins, en slíkar breytingar öðlast ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Tilkynna ber eigendum hlutdeildarskírteina í sjóðnum um breytingar á reglum hans.

Landsbréf geta farið þess á leit að Fjármálaeftirlitið samþykki undanþágu frá tilkynningaskyldu þessari, sbr. 3. mgr. 32. gr. laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði, en haft skal að leiðarljósi að senda allar efnislegar breytingar á reglum til hlutdeildarskírteinishafa. Með sama hætti getur stjórn Landsbréfa tekið ákvörðun um samruna sjóðsins við annan eða aðra verðbréfasjóði og gilda um slíkan samruna ítarleg ákvæði X. kafla laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði.

### 2. Viðskipti með hlutdeildarskírteini

Viðskipti eru með hlutdeildarskírteini sjóðsins annars vegar á frummarkaði (frumútgáfa og innlausn) og hins vegar á eftirmarkaði í Kauphöllinni þar sem viðskiptavakt er með hlutdeildarskírteinin. Landsbréf - LEQ gefur út rafræn hlutdeildarskírteini. Um útgáfuna gilda lög nr. 7/2020 um verðbréfamíðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í sjóðnum er markaðsvirði samanlagðra eigna að frádregnum skuldum við innlausn. Kaupgengi hlutdeildarskírteina er innlausnarvirði þeirra. Verð á hlutdeildarskírteinum í Kauphöllinni getur vikið frá metnu innlausnarvirði þeirra. Því getur verið um yfir- eða undirverð að ræða.

#### Frummarkaður:

Hlutdeildarskírteini eru seld gegn staðgreiðslu kaupverðs og eru lágmarkskaup 1.000.000 kr. Hér er um að ræða hefðbundin viðskipti með hlutdeildarskírteini þ.e. útgáfa hlutdeildarskírteina og innlausn þeirra. Hlutdeildarskírteini skal skrá á nafn eða á safnreikning, sbr. 4. mgr. 39. gr. laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði. Viðskiptavinir geta keypt og innleyst hlutdeildarskírteini hjá Landsbankanum sem er söluaðili sjóðsins. Viðskipti á frummarkaði fara fram með tvennum hætti:

*Viðskipti gegn staðgreiðslu:* Óski viðskiptavinnur eftir kaupum eða innlausn gegn staðgreiðslu kaupverðs þá miðast það við dagslokagengi sjóðsins að frádreginni 5% þóknun.

*Viðskipti í skiptum fyrir verðbréf:* Óski viðskiptavinnur eftir kaupum eða innlausn fyrir 50 milljónir króna eða hærri fjárhæð eru gefin út eða innleyst eftir atvikum hlutdeildarskírteini á frummarkaði í skiptum fyrir hlutabréf í sömu hlutföllum og OMXI10CAP vísitalan er

samsett (e.creation/redemption in kind). Þessi skipting er birt á vefsíðu Landsbréfa fyrir kl. 09:30 á hverjum viðskiptadegi. Innlausn fer fram á sama hátt þannig að viðskiptavinur fær afhent hlutabréf í sömu hlutföllum og OMX10CAP vísitalan er samsett á þeim tíma í skiptum fyrir hlutdeildarskírteini. Við útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina með skiptum fyrir hlutabréf (e. in kind) greiðir viðskiptavinur 0,1% skiptapóknun.

Opið er fyrir viðskipti í sjóðnum á opnunartíma Kauphallarinnar. Kauphöllin er nú opin frá kl. 9:30-15:30. Viðskiptapantanir með hlutdeildarskírteini í sjóðnum sem berast á opnunartíma sjóðsins eru afgreiddar á lokagengi þess dags og uppgjör fer fram tveimur viðskiptadögum síðar (T+2). Pantanir sem berast utan opnunartíma eru afgreiddar með þeim pöntunum sem berast á opnunartíma næsta dags sem Kauphöllin er opin á birtu lokagengi þess dags. Fjárfestum er bent á að almennt er gengið út frá því að viðskipti með hlutdeildarskírteini sjóðsins fari fram á eftirmarkaði, sbr. umfjöllun þar um hér á eftir. Ástæðan er fyrst og fremst sú að sjóðurinn er kauphallarsjóður en um slíka sjóði er almennt gengið út frá að viðskipti með hlutdeildarskírteini hans fari fram í kauphöll. Viðskipti á frummarkaði eru kostnaðarsamari fyrir fjárfesta en viðskipti á eftirmarkaði þar sem viðskipti á frummarkaði er innheimt 5% þóknun sem gerir slík viðskipti almennt mun óhagstæðari en viðskipti á eftirmarkaði.

Heimilt er að fresta innlausn hlutdeildarskírteina mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess. Sem dæmi um slík tilvik má nefna lokun Kauphallarinnar þar sem eignir sjóðsins er skráðar, þannig að ekki reynist unnt að sannreyna innlausnarvirði hlutdeildarskírteina. Einnig gæti sjóðurinn staðið frammi fyrir svo miklum kröfum um innlausn að ekki væri unnt að mæta þeim nema með sölu eigna sem tekið gæti einhvern tíma svo unnt sé að tryggja jafnræði hlutdeildarskírteinishafa. Frestunin skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina. Frestun á innlausn skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og Kauphöllinni og tekur gildi við sendingu tilkynningar. Frestunin skal jafnframt auglýst opinberlega. Fjármálaeftirlitið og Kauphöllin geta jafnframt krafist frestunar innlausna krefjist hagsmunir eigenda skírteinanna eða almennings þess, sbr. 3. mgr. 61. gr. laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði. Sjóðurinn gefur út gengi alla viðskiptadaga sem er reiknað út frá verðmæti eigna sjóðsins á hverjum degi sem sjóðurinn er opin.

#### **Eftirmarkaður:**

Hér er átt við viðskipti með hlutdeildarskírteini í Kauphöll. Mótaðili fjárfestis í viðskiptunum er því annar fjárfestir sem getur í einhverjum tilfellum verið viðskiptavaki. Viðskipti með hlutdeildarskírteini Landsbréfa - LEQ fara fram í Kauphöllinni og er viðskiptavakt með þau þar. Lágmark á fjárfestingu í Landsbréfum - LEQ er bundið við lægstu viðskiptaeiningu í Kauphöll sem er 1 hlutur. Uppgjörstími verður sá sami og með hlutabréfaviðskipti í Kauphöllinni eða tveimur viðskiptadögum eftir viðskipti (T+2) og er lágmarksfjárfesting 1.000 kr. Auðkenni hlutdeildarskírteinanna í Kauphöllinni er LEQ og viðskiptalota, þ.e. minnsti fjöldi hluta sem þarf fyrir þátttöku í myndun verðs, er 1 að nafnverði. Um viðskipti með hlutdeildarskírteinin í Kauphöllinni fer meðal annars samkvæmt lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og samkvæmt reglum Kauphallarinnar. Fjárfestar greiða verðbréfamiðlun sinni þóknun fyrir kaup og sölu á hlutdeildarskírteinum í Kauphöllinni líkt og gerist með önnur viðskipti þar.

Hlutdeildarskírteini í kauphallarsjóði (UCITS ETF) sem keypt eru á eftirmarkaði er yfirleitt ekki hægt að selja beint aftur til kauphallarsjóðsins. Fjárfestar verða að kaupa og selja hlutdeildarskírteini á eftirmarkaði með aðstoð milliliðar (t.d. verðbréfamiðlara) og kunna að þurfa að greiða þóknunir vegna þess. Að auki kunna fjárfestar að greiða meira en gildandi verðmæti hreinnar eignar þegar þeir kaupa hlutdeildarskírteini og kunna að fá minna en gildandi verðmæti hreinnar eignar þegar þeir selja þau. Eins og gildir um skráða fjármálagerninga getur kauphöllin ákveðið að stöðva viðskipti með hlutdeildarskírteini sjóðsins samkvæmt reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga sem gefnar voru út af Nasdaq Iceland hf. þann 1. september 2021, enda séu skilyrði til þess samkvæmt reglum.

Verð á hlutdeildarskírteinum í Kauphöllinni getur vikið frá metnu innlausnarvirði þeirra. Ef kaup- og sölugengi hlutdeildarskírteina er verulega frábrugðið verðmæti hreinnar eignar sjóðsins t.d. þegar viðskiptavaki er ekki til staðar þá geta fjárfestar sem keypt hafa hlutdeildarskírteini á eftirmarkaði selt þau beint aftur til sjóðsins hjá Landsbankanum sem er söluaðili sjóðsins við frumútgáfu hlutdeildarskírteina. Sérstök tilkynning verður birt í Kauphöll ef sjóðurinn verður opin til beinnar innlausnar. Fjárfestar geta kynnt sér mat á innlausnarvirði Landsbréf-LEQ sem byggir á nýjustu upplýsingum á vefsíðu Landsbréfa.

### 3. Eignaskipting og innlausnarvirði

Landsbréf munu fyrir kl. 09:30 á hverjum viðskiptadegi birta nákvæma eignaskiptingu Landsbréf - LEQ á vefsíðu félagsins.

Gengi hlutdeildarskírteina í sjóðnum er innlausnarvirði þeirra og endurspeglar markaðsvirði sameiginlegra eigna að frádregnum skuldum við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleysta hlutdeildarskírteina. Um útreikning á innlausnarvirði og mat á eignum sjóðsins fer að öðru leyti eftir 21. gr. laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði, sbr. og ákvæði reglugerðar nr. 970/2021 um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða og upplýsingagjöf. Mat á innlausnarvirði Landsbréf - LEQ (e. iNav) verður birt með mest þriggja mínútna millibili á vefsíðu Landsbréfa, [www.landsbref.is](http://www.landsbref.is). Matið byggir á nýjustu eignastöðu sjóðsins og síðasta viðskiptaverði í Kauphöllinni með undirliggjandi hlutabréf.

### 4. Viðskiptavakt

Viðskiptavakt með fjármálagerninga er sett á til að auka seljanleika og bæta verðmyndun þeirra. Gerður hefur verið samningur um viðskiptavakt við Landsbankann. Viðskiptavaki skuldbindur sig til þess að hafa að markaðsvirði 50 milljóna króna kaup- og sölutilboð í viðskiptakerfi Kauphallarinnar á hverjum tíma. Viðskiptavaki mun leitast við að hafa mun á kauptilboði og metnu innlausnarvirði Landsbréfa - LEQ eins lítinn og mögulegt er hverju sinni og alls ekki meiri en 0,3%. Eigi viðskiptavinur viðskipti utan 0,3% markanna frá metnu innlausnarvirði á hann kröfu á að fá leiðréttingu á þeim viðskiptum frá viðskiptavaka. Munur á kaup- og sölutilboðum má ekki vera meiri en 130% af vegnum meðalgengismun undirliggjandi félaga sem mynda OMX10CAP vísitöluna. Þetta þýðir til dæmis að sé veginn munur á kaup og sölugengi í Kauphöllinni 1,2% má munur viðskiptavaka á kaup- og sölutilboðum mest vera 1,56%. Viðskiptavaki skuldbindur sig einnig til þess að endurnýja tilboð sín í Landsbréf - LEQ innan þriggja mínútna ef útistandandi tilboðum er tekið. Viðskiptavaka er heimilt að hætta viðskiptavakt þann daginn ef keypt og/eða seld eru hlutdeildarskírteini að markaðsvirði í Landsbréf – LEQ fyrir meira en 250 milljónir króna.

Landsbréf skuldbinda sig til að hafa ávallt a.m.k. einn samning við viðskiptavaka um viðskiptavakt á hlutdeildarskírteinum sjóðsins hverju sinni.

### 5. Skattamál

Sérhverjar tekjur af hlutdeildarskírteinum eru skattlagðar eins og vaxtatekjur samkvæmt 8. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Skattaleg meðferð er mismundandi eftir því hvort um er að ræða aðila heimilisfasta á Íslandi eða heimilisfasta erlendis og jafnframt eftir því hvort um er að ræða einstaklinga utan rekstrar eða einstaklinga með rekstur eða hvort um er að ræða lögaðila.

Samkvæmt lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur er innheimtur af innlendum einstaklingum 22% staðgreiðsluskattur af fjármagnstekjum, svo sem vegna hagnaðar af sölu og/eða innlausn hlutdeildaskírteina og mögulegri arðgreiðslu úr verðbréfasjóðum sbr. lög nr. 116/2021, um verðbréfasjóði. Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur er bráðabirgðagreiðsla og fer endanlegt uppgjör fram við álagningu opinberra gjalda ár hvert. Við álagningu er tekið tillit til skattleysismarka fjármagnstekna hjá einstaklingum utan rekstrar. Skattleysismörk vaxta, arðs og söluhagnaðar af hlutabréfum eru 300.000 kr. og er ofgreidd staðgreiðsla eftir atvikum endurgreidd við álagningu eða henni skuldajafnað á móti öðrum álögðum gjöldum hins opinbera. Ef fjármagnstekjurnar flokkast sem rekstrartekjur hjá einstaklingi eru þær skattlagðar við álagningu í samræmi við 3. tölul. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Staðgreiðsla er ávallt innheimt við innlausn eða framsal hlutdeildarskírteina og kemur afdregin staðgreiðsla til frádráttar við álagningu opinberra gjalda á næsta ári eftir að tekjuári lýkur. Við afdrátt staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur er stofn til staðgreiðslu reiknaður á mismun verðmætis innlausnarfjárhæðar og meðalkaupverðs þeirrar fjárhæðar sem innleyst er fyrir.

Við skattskil skattskyldra lögaðila er áfallin gengisbreyting af hlutdeildarskírteinum færð til tekna eða gjalda á rekstrarreikningi og kemur þannig inn í útreikning á tekjuskattsstofni rekstrartekna og skattleggst í því skatthlutfalli sem gildir um viðkomandi félagsform. Hlutföll þessi eru nú 20% fyrir hlutafélög og 36% fyrir sameignarfélög. Staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts er lögð á innleystar fjármagnstekjur þessara aðila með 20% staðgreiðsluhlutfalli og er sú skattgreiðsla bráðabirgðagreiðsla upp í væntanlega álagningu tekjuskatts. Ef staðgreiðsla reynist hafa verið ofgreidd þá er hún endurgreidd við álagningu tekjuskatts árið á eftir staðgreiðsluárinu.

Lögaðilar sem almennt eru undanþegnir skattskyldu samkvæmt 1., 2., 4., 5., 6. og 7. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, eru engu að síður skyldir til að greiða skatt af tekjum af sölu eða öðru framsali hlutdeildarskírteina og er skattur sá innheimtur í staðgreiðslu með 20% skatthlutfalli. Eftirtaldir lögaðilar sæta hvorki skattlagningu né staðgreiðslu af tekjum af hlutdeildarskírteinum, sbr. 5. mgr. 71. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum: Lánasjóður íslenskra námsmanna, Byggðastofnun, ÍL-sjóður, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Framkvæmdasjóður fatlaðra, Framkvæmdasjóður aldraðra, Matvælasjóður, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Lánasjóður sveitarfélaga ohf., Lánasjóður Vestur-Norðurlanda, Seðlabanki Íslands, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Fiskræktarsjóður, lífeyrissjóðir samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og starfstengdir eftirlaunasjóðir sem heimild hafa til að taka á móti iðgjöldum til myndunar eftirlaunaréttar. Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, eru sjóðir sem starfa samkvæmt lögum um verðbréfasjóði, og lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðstöðvar, líftryggingafélög, lífeyrissjóðir og starfstengdir eftirlaunasjóðir, undanþegnir staðgreiðslu af fjármagnstekjum.

Erlendir einstaklingar og erlendir lögaðilar sæta 12% staðgreiðslu af fjármagnstekjum, vegna hagnaðar af sölu og/eða innlausn hlutdeildaskírteina og mögulegri arðgreiðslu úr verðbréfasjóðum um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt lögum nr. 116/2021, um verðbréfasjóði. Erlendir einstaklingar geta skilað skattframtali vegna vaxtatekna og fengið sams konar skattleysismörk og innlendir einstaklingar eða 300.000 kr. á ári. Frá skattskyldu erlendra aðila gilda ákveðnar undanþágur. Aðilar sem eru heimilisfastir í landi sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamning við, og þar sem sá samningur gerir ráð fyrir að ekki sé haldið eftir staðgreiðslu af vaxtatekjum þeirra, teljast ekki skattskyldir af vaxtatekjum sem upprunnar eru hér á landi. Það er þó forsenda fyrir því að þessi undanþága komi til framkvæmda við staðgreiðslu að sótt hafi verið um hana til ríkisskattstjóra á til þess gerðu eyðublaði RSK 5.42.

Rétt er að vekja athygli á því að skattalög geta breyst frá einum tíma til annars og gildandi reglur til dæmis varðandi skattskyldu, skatthlutföll, skattleysismörk og/eða ákvörðun skattstofna geta tekið breytingum ef lögum verður breytt og er framangreind lýsing byggð á skattalögum eins og þau eru við gerð útboðslýsingar þessarar. Þá geta ný lög verið sett sem kveða á um nýja skattlagningu á tekjum og eignum. Skattframtal, þar með talið um staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts, er hagað í samræmi við leiðbeiningar og ákvarðanir ríkisskattstjóra. Ef yfirséttanefnd eða dómstólar komast að þeirri niðurstöðu að slík framkvæmd hafi reynst röng í einhverjum atriðum þá fer um leiðréttingar í slíkum tilvikum eftir þeim reglum sem gilda lögum samkvæmt, sbr. einkum 3. mgr. 101. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Viðskiptavinum er ráðlagt að leita til sérfróðra aðila um skattalega stöðu sína, svo sem til embættis ríkisskattstjóra, endurskoðenda eða lögmanna sem sérhæft hafa sig í skattamálum.

## 6. Þóknarir, rekstrarkostnaður og annar kostnaður

Landsbréf fá greidda umsýsluþóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðsins. Umsýsla felst meðal annars í útreikningi á innlausnarvirði, reikningshaldi, þjónustu við fjárfesta, vörslu verðbréfa, umsýsla með skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina og stýringu eigna sjóðsins. Umsýsluþóknun sjóðsins er 0,50% á ársgrundvelli og er reiknuð af nettóstærð sjóðsins hvern dag og færð til skuldar í bókhaldi sjóðsins. Uppgjör umsýsluþóknunar til Landsbréfa fer fram mánaðarlega.

Kostnaður vegna töku Landsbréfa-LEQ til viðskipta í Kauphöllinni er greiddur af Landsbréfum. Þóknun vegna viðskiptavaktar er greidd af Landsbréfum.

Þóknun til Kauphallarinnar vegna áskriftar og afnota af OMX10CAP vísitölunni og útreikningi á henni nemur 0,10% á ári af meðaltali verðmætis hreinnar eignar sjóðsins á hverjum matsdegi mánaðar meðan hann er starfræktur. Þessi þóknun er greidd af sjóðnum og er ekki innifalin í umsýsluþóknun.

Annar beinn útlagður kostnaður vegna rekstrar sjóðsins svo sem vegna umsýslu og vörslu fjármálagerninga og innheimtuumsýslu í tengslum við eignir sjóðsins er ekki innifalinn í umsýsluþóknun. Landsbréf geta krafist sjóðinn um endurgreiðslu kostnaðar svo sem vegna fjármálakerfa (annarra en eignastýringarkerfis), hugbúnaðar, lögfræðikostnaðar og kostnaðar við birtingu útboðslýsinga og ársreikninga. Þóknun vegna beins útlagðs kostnaðar (annars en vegna áskriftar og afnota af vísitölu) má ekki fara yfir 0,1% á ársgrundvelli af nettóstærð sjóðsins. Vörsluþóknun til vörsluaðila sem sjóðurinn er krafinn um byggist á samningi vörsluaðila og rekstrarfélags. Fjárfestar geta fengið afrit þess samnings.

Eftirtaldir kostnaðarliðir greiðast beint af sjóðnum;

Viðskiptakostnaður.

Kostnaður vegna áskriftar og afnota af vísitölu sem Kauphöllin reiknar. (Samanber umfjöllun hér að ofan).

Sjóðurinn greiðir almennt miðlunarþóknunir til miðlara við kaup og sölu verðbréfa. Slíkar þóknunir nema að jafnaði 0,10% - 0,50% af markaðsvirði viðskipta.

Landsbréf hafa jafnframt heimild til að innheimta þóknun vegna útgáfu eða innlausnar hlutdeildarskírteina Landsbréfa - LEQ í skiptum fyrir hlutabréf (e. creations/redemption in kind) og nemur sú þóknun 0,10% af þeirri upphæð sem gefin er út eða innleyst.

Óski hlutdeildarskírteinishafi eftir kaupum eða innlausn hlutdeildarskírteina á frummarkaði gegn peningagreiðslu er greiðslan háð innlausnarvirði og fjölda hlutdeildarskírteina sem keypt eða innleyst eru í lok þess dags sem óskað er innlausnar, að frádreginni þóknun sem nemur 5%.

Vakin er athygli á því að kaup og sala hlutdeildarskírteina gegn staðgreiðslu á frummarkaði getur verið óhagstæð fyrir hinn almenna fjárfesti vegna hárrar þóknunar. Umgjörð sjóðsins miðar að því að beina viðskiptum gegn staðgreiðslu á eftirmarkað.

## **7. Ársreikningur og árshlutauppgjör**

Ársreikningur og árshlutauppgjör sjóðsins skulu vera almenningi aðgengileg á starfsstöð Landsbréfa og á vefsvæði rekstrarfélagsins landsbref.is innan 10 daga frá undirritun og eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

## **8. Reglur og reglulegar skýrslur og fleira**

Reglur sjóðsins eru í viðauka við útboðslýsingu þessa. Útboðslýsingu, lykilupplýsingar og aðrar upplýsingar má finna á vefsíðu Landsbréfa [www.landsbref.is](http://www.landsbref.is) og á vefsíðu Landsbankans [www.landsbankinn.is](http://www.landsbankinn.is).

Stjórn Landsbréfa getur tekið ákvörðun um breytingar á reglum sjóðsins, tekið ákvörðun um samruna hans við aðra verðbréfasjóði eða slit sjóðsins, en þá skal gætt ákvæða reglna sjóðsins og laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði.

Helstu atriði útboðslýsingar eru að jafnaði uppfærð eigi sjaldnar en árlega.

Útboðslýsing og lykilupplýsingar skulu sendar Fjármálaeftirlitinu.



# VIÐAUKI 1: REGLUR

## REGLUR

### fyrir verðbréfasjóðinn

### Landsbréf – LEQ UCITS ETF hs.

#### Um sjóðinn og rekstrarfélag hans

##### 1. gr.

Landsbréf – LEQ UCITS ETF hs., kt. 681212-9300 (hér eftir „Landsbréf – LEQ“ eða „sjóðurinn“), er verðbréfasjóður sem starfræktur er í samræmi við lög nr. 116/2021 um verðbréfasjóði. Sjóðurinn er jafnframt vísitölusjóður skv. 68. gr. sömu laga og kauphallarsjóður.

Landsbréf hf., kt. 691208-0520 (hér eftir „Landsbréf“ eða „rekstrarfélagið“), Borgartúni 33, 105 Reykjavík, er rekstrarfélag sjóðsins og skipa einn eða fleiri sjóðstjóra hans.

Landsbréfum hf. er heimilt að útvista tilteknum lögbundnum verkefnum rekstrarfélagsins, enda sé gætt ákvæða laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði.

Stjórn Landsbréfa getur tekið ákvörðun um að skipta um rekstrarfélag sjóðsins og skal fara um það eins og reglubreytingar samkvæmt 12. gr. og skal þess gætt að hagsmunir hlutdeildarskírteinishafa séu tryggir. Skulu hlutdeildarskírteinishafar ekki bera neinn kostnað af því að nýtt rekstrarfélag taki við rekstri sjóðsins.

#### Nánar um form sjóðsins

##### 2. gr.

Sjóðurinn starfar sem opinn, óskiptur uppsöfnunarsjóður. Markmið sjóðsins er að veita viðtöku fé frá fjárfestum til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fjárfestingarstefnu sjóðsins, sbr. 3. gr. og í samræmi við ákvæði laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði.

Fjárreiðum sjóðsins skal haldið tryggilega aðgreindum í bókhaldi Landsbréfa og standa eignir sjóðsins einar til fullnustu skuldbindinga hans. Hvorki hlutdeildarskírteinishafar, rekstrarfélag eða vörsluaðili bera ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins. Þetta ákvæði víkur þó ekki til hliðar skaðabótaábyrgð rekstrarfélags og vörsluaðila samkvæmt almennum reglum.

Grunnmynt sjóðsins er íslensk króna (ISK).

#### Fjárfestingarstefna

##### 3. gr.

Sjóðurinn hefur sérstaka og fyrirfram ákveðna fjárfestingarstefnu. Stjórn Landsbréfa ákveður fjárfestingarstefnu sjóðsins. Óheimilt er að breyta fjárfestingarstefnu sjóðsins nema í samræmi við ákvæði laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði.

Fjárfestingarstefna sjóðsins er eftirfarandi:

Tegund verðbréfa	%
Skráð hlutabréf í kauphöllinni Nasdaq Iceland (hér eftir „Kauphöllin“) sem endurspeglar samsetningu OMXI10CAP vísitölnunnar á hverjum tíma	100%

Um fjárfestingarstefnuna gilda jafnframt almennar takmarkanir um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða skv. IX. kafla laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði.

Eignasamsetning OMXI10CAP er endurskoðuð að lágmarki tvisvar á ári og aðlagar sjóðurinn eignasamsetningu sína í samræmi við breytta samsetningu OMXI10CAP.

Kauphöllin endurskoðar OMXI10CAP með tilliti til þessara þátta tvisvar á ári vegna:

- Breytinga á flotleiðréttingu félaga OMXI10CAP
- Breytinga á félögum sem mynda OMXI10CAP

Ennfremur er OMXI10CAP endurskoðuð annars vegar daglega með tilliti til hámarksvægis félaga í henni. Við daglega endurskoðun má stærsta félagið í OMXI10CAP ekki veða meira en 35% af vísitölunni og næstu félög á eftir meða ekki veða meira en 20% hvert. Hins vegar er vísitalan endurskoðuð með tilliti til hámarksvægis tvisvar á ári þar sem stærsta félagið má ekki veða meira en 30% en önnur félög ekki meira en 15%.

Hvað nánari aðferðarfræði vísitölnnar varðar er vísað til eftirfarandi vefslóðar á vef Kauphallarinnar:

<https://indexes.nasdaqomx.com/Index/Overview/OMXI10CAP>

Að öllu jöfnu er sjóðurinn fullfjárfestur. Þegar sjóðurinn er að aðlaga eignaskiptingu sína vegna breytinga á OMXI10CAP vísitölunni eða vegna innstreymis eða útstreymis úr sjóðnum getur þó myndast tímabundin lausafjárstaða.

Sjóðnum er ekki heimilt að eiga viðskipti með afleiður.

### Vörsluaðili

#### 4. gr.

Landsbankinn hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík (hér eftir „Landsbankinn“) er vörsluaðili sjóðsins á grundvelli sérstaks samnings sem Landsbréf hf. hafa gert við vörsluaðila í samræmi við 43. gr. laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði.

Stjórn Landsbréfa hf. getur tekið ákvörðun um að skipta um vörsluaðila og skal þá samningi samkvæmt 1. mgr. sagt upp. Um uppsögn skal gæta sömu málsmeðferðar og gildir um reglubreytingar samkvæmt 12. gr. og skal tryggt að hagsmunir hlutdeildarskírteinishafa séu tryggir við breytingu á vörsluaðila. Skulu hlutdeildarskírteinishafar ekki bera neinn kostnað af því að skipt sé um vörsluaðila. Landsbréfum er óheimilt að skipta um vörsluaðila nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.

### Þóknun rekstrarfélags

#### 5. gr.

Landsbréf fá greidda umsýsluþóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðsins. Umsýsla felst meðal annars í útreikningi á innlausnarvirði, reikningshaldi, þjónustu við fjárfesta, umsjón með skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina og stýringu eigna sjóðsins. Umsýsluþóknun sjóðsins er 0,50% á ársgrundvelli af meðaltali verðmætis hreinnar eignar hans á hverjum matsdegi hvers mánaðar meðan hann er starfræktur. Uppgjör umsýsluþóknunar til Landsbréfa fer fram mánaðarlega.

Kostnaður vegna töku hlutdeildarskírteina Landsbréfa-LEQ til viðskipta í Kauphöllinni er greiddur af Landsbréfum. Þóknun vegna viðskiptavaktar er greidd af Landsbréfum.

Þóknun til Kauphallarinnar vegna áskriftar og afnota af OMXI10CAP vísitölunni og útreikningi á henni nemur 0,10% á ári af meðaltali verðmætis hreinnar eignar sjóðsins á hverjum matsdegi mánaðar meðan hann er starfræktur. Þessi þóknun er greidd af sjóðnum og er ekki innifalin í umsýsluþóknun.

Annar beinn útlagður kostnaður vegna rekstrar sjóðsins svo sem vegna umsjónar og vörslu fjármálagerninga og innheimtuumsýslu í tengslum við eignir sjóðsins er ekki innifalinn í umsýsluþóknun. Landsbréf geta krafist sjóðinn um endurgreiðslu kostnaðar svo sem vegna fjármálakerfa (annarra en eignastýringarkerfis), hugbúnaðar, lögfræðikostnaðar og kostnaðar við birtingu útboðslýsinga og ársreikninga. Vörsluþóknun til vörsluaðila sem sjóðurinn er krafinn um byggist á samningi vörsluaðila og rekstrarfélags. Fjárfestar geta fengið afrit þess samnings. Þóknun vegna beins útlagðs kostnaðar (annars en vegna áskriftar og afnota af vísitölu) má ekki fara yfir 0,1% á ársgrundvelli af nettó stæri sjóðsins.

Eftirtaldir kostnaðarliðir greiðast beint af sjóðnum.

- Viðskiptakostnaður.

- Kostnaður vegna áskriftar og afnota af vísitölu sem Kauphöllin reiknar. (Samanber umfjöllun hér að ofan)

Sjóðurinn greiðir almennt miðlunarþóknunir til miðlara við kaup og sölu verðbréfa. Slíkar þóknunir nema að jafnaði 0,10% - 0,50% af markaðsvirði viðskipta.

Landsbréf hafa jafnframt heimild til að innheimta þóknun vegna útgáfu eða innlausnar hlutdeildarskírteina sjóðsins í skiptum fyrir hlutabréf (e. creations/redemption in kind) og nemur sú þóknun 0,10% af þeirri upphæð sem gefin er út eða innleyst.

Óski hlutdeildarskírteinishafi eftir kaupum eða innlausn hlutdeildarskírteina á frummarkaði gegn peningagreiðslu er greiðslan háð innlausnarvirði og fjölda hlutdeildarskírteina sem keypt eða innleyst eru í lok þess dag sem óskað er innlausnar, að fráreginni þóknun sem nemur 5%.

Vakin er athygli á því að kaup og sala hlutdeildarskírteina gegn staðgreiðslu á frummarkaði getur verið óhagstæð fyrir hinn almenna fjárfesti vegna hárrar þóknunar. Umgjörð sjóðsins miðar að því að beina viðskiptum gegn staðgreiðslu á eftirmarkað.

### Markaðssetning sjóðsins

#### 6. gr.

Eingöngu er heimilt að markaðssetja verðbréfasjóði Landsbréfa innan Evrópska efnahagssvæðisins.

### Viðskipti með hlutdeildarskírteini

#### 7. gr.

Viðskipti eru með hlutdeildarskírteini sjóðsins annars vegar á frummarkaði (frumútgáfa og innlausn) og hins vegar á eftirmarkaði í Kauphöllinni þar sem viðskiptavakt er með hlutdeildarskírteini. Hlutdeildarskírteini í sjóðnum eru gefin út sem rafrétt hjá Nasdaq CSD. Um útgáfuna gilda lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna.

Hlutdeildarskírteini veitir eiganda ekki atkvæðisrétt um málefni sjóðsins.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í sjóðnum er markaðsvirði samanlagðra eigna að fráregnum skuldum við innlausn. Kaupgengi hlutdeildarskírteina á frummarkaði er innlausnarvirði þeirra. Verð á hlutdeildarskírteinum í Kauphöllinni getur vikið frá metnu innlausnarvirði þeirra. Því getur verið um yfir- eða undirverð að ræða.

Umgjörð sjóðsins miðar að því að mun hagstæðara er að eiga viðskipti gegn staðgreiðslu með hlutdeildarskírteini á eftirmarkaði en frummarkaði.

#### Frummarkaður:

Hlutdeildarskírteini eru seld gegn staðgreiðslu kaupverðs og eru lágmarkskaup 1.000.000 kr. Hér er um að ræða hefðbundin viðskipti með hlutdeildarskírteini þ.e. útgáfa hlutdeildarskírteina og innlausn þeirra. Hlutdeildarskírteini skal skrá á nafn eða á safnreikning, sbr. 4. mgr. 39. gr. laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði. Viðskiptavinir geta keypt og innleyst hlutdeildarskírteini hjá Landsbankanum sem er söluaðili sjóðsins. Viðskipti á frummarkaði fara fram með tvennum hætti:

Viðskipti gegn staðgreiðslu: Óski viðskiptavinnur eftir kaupum eða innlausn gegn staðgreiðslu kaupverðs þá miðast það við dagslokagengi sjóðsins að fráreginni 5% þóknun.

Viðskipti í skiptum fyrir verðbréf: Óski viðskiptavinnur eftir kaupum eða innlausn fyrir 50 milljónir eða hærri fjárhæð eru gefin út eða innleyst eftir atvikum hlutdeildarskírteini á frummarkaði í skiptum fyrir hlutabréf í sömu hlutföllum og OMX10CAP vísitalan er samsett (e. creation/redemption in kind). Þessi skipting er birt á vefsíðu Landsbréfa fyrir kl. 09:30 á hverjum viðskiptadegi. Innlausn fer fram á sama hátt þannig að viðskiptavinnur fær afhent hlutabréf í sömu hlutföllum og OMX10CAP vísitalan er samsett á þeim tíma í skiptum fyrir hlutdeildarskírteini. Við útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina með skiptum fyrir hlutabréf (e. in kind) greiðir viðskiptavinnur 0,1% skiptaþóknun.

Opið er fyrir viðskipti í sjóðnum á opnunartíma Kauphallarinnar. Kauphöllin er opin nú frá kl. 9:30-15:30. Viðskiptapantanir með hlutdeildarskírteini í sjóðnum sem berast á opnunartíma sjóðsins eru afgreiddar á lokagengi þess dags og uppgjör fer fram tveimur viðskiptadögum síðar (T+2). Pantanir sem berast utan opnunartíma eru afgreiddar með þeim pöntunum sem berast á opnunartíma næsta dags sem Kauphöllin er opin á birtu lokagengi þess dags. Fjárfestum er bent á að almennt er gengið út frá því að viðskipti með hlutdeildarskírteini sjóðsins fari fram á eftirmarkaði, sbr. umfjöllun þar um hér á eftir. Ástæðan er fyrst og fremst sú að sjóðurinn er kauphallarsjóður en um slíka sjóði er almennt gengið út frá að viðskipti með hlutdeildarskírteini hans fari fram í kauphöll. Viðskipti á frummarkaði eru kostnaðarsamari fyrir fjárfesta en viðskipti á eftirmarkaði þar sem við viðskipti á frummarkaði er innheimt 5% þóknun sem gerir slík viðskipti almennt mun óhagstæðari en viðskipti á eftirmarkaði.

Heimilt er að fresta innlausn hlutdeildarskírteina mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess. Frestun á innlausn skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og Kauphöllinni og auglýst opinberlega. Fjármálaeftirlitið og Kauphöllin geta jafnframt krafist frestunar innlausna krefjist hagsmunir eigenda skírteina eða almennings þess, sbr. 61. gr. laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði. Sjóðurinn gefur út kaup- og sölugengi alla viðskiptadaga. Kaup- og sölugengi er reiknað út frá verðmæti eigna sjóðsins á hverjum degi sem sjóðurinn er opin.

#### **Eftirmarkaður:**

Hér er átt við viðskipti með hlutdeildarskírteini í Kauphöll. Mótaðili fjárfestis í viðskiptunum er því annar fjárfestir sem getur í einhverjum tilfellum verið viðskiptavaki. Viðskipti með hlutdeildarskírteini Landsbréf - LEQ fara fram í Kauphöllinni og er viðskiptavakt með þau þar. Lágmark á fjárfestingu í Landsbréf - LEQ er bundið við lægstu viðskiptaeiningu í Kauphöll sem er 1 hlutur. Uppgjörstími verður sá sami og með hlutabréfaviðskipti í Kauphöllinni eða tveimur viðskiptadögum eftir viðskipti (T+2) og er lágmarksfjárfesting 1.000 kr. Auðkenni hlutdeildarskírteina í Kauphöllinni er LEQ og viðskiptalota, þ.e. minnsti fjöldi hluta sem þarf fyrir þátttöku í myndun verðs, er 1 að nafnverði. Um viðskipti með hlutdeildarskírteinin í Kauphöllinni fer meðal annars samkvæmt lögum nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga og samkvæmt reglum Kauphallarinnar. Fjárfestar greiða verðbréfamiðlun sinni þóknun fyrir kaup og sölu á hlutdeildarskírteinum í Kauphöllinni líkt og gerist með önnur viðskipti þar.

Verð á hlutdeildarskírteinum í Kauphöllinni getur vikið frá metnu innlausnarvirði þeirra. Því getur verið um undir- og yfirverð að ræða. Fjárfestar geta kynnt sér mat á innlausnarvirði Landsbréf-LEQ sem byggir á nýjustu upplýsingum á vefsíðu Landsbréfa.

Landsbréf skuldbinda sig til að hafa ávallt a.m.k. einn samning við viðskiptavaka um viðskiptavakt á hlutdeildarskírteinum sjóðsins hverju sinni.

### **Taka til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði**

#### **8. gr.**

Hlutdeildarskírteini Landsbréf - LEQ voru tekin til viðskipta í Kauphöllinni þann 15. ágúst 2013 og eru gefin út sem rafrétt hjá Nasdaq CDS. Um útgáfuna gilda lög nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga. Viðskipti eru með hlutdeildarskírteini sjóðsins annars vegar á frummarkaði (frumútgáfa og innlausn) og hins vegar á eftirmarkaði í Kauphöllinni þar sem viðskiptavakt er með hlutdeildarskírteinin.

### **Ráðstöfun arðs og annars hagnaðar**

#### **9. gr.**

Arður eða annar hagnaður af verðbréfum í eigu sjóðsins skal endurfjárfestur innan ramma fjárfestingastefnu hans. Stjórn Landsbréfa er heimilt að greiða út arð úr sjóðnum ef frávik ávöxtunar Landsbréfa - LEQ frá ávöxtun OMX10CAP verður meira en 1% þ.e. ef sjóðurinn hefur ávaxtast betur en vísitalan og frávik við þákvætt.

### **Útreikningur á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina**

#### **10. gr.**

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sjóðsins er markaðsvirði sameiginlegra eigna að frádregnum skuldum við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefina og óinnleysta hlutdeildarskírteina. Um útreikning á innlausnarvirði og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 970/2021, um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða og upplýsingagjöf. Metið innlausnarvirði Landsbréf - LEQ verður birt á rauntíma (með mest þriggja mínútna millibili) á vefsíðu Landsbréfa.

### **Samruni við aðra sjóði**

#### **11. gr.**

Stjórn Landsbréfa tekur ákvörðun um hvers konar samruna sjóðsins við aðra verðbréfasjóði. Ef stærð sjóðsins fer undir 200 milljónir króna er stjórninni heimilt að taka ákvörðun um samruna við aðra verðbréfasjóði, sem og ef stjórn Landsbréfa telur hagsmunum hlutdeildarskírteinishafa best borgið með samruna við annan verðbréfasjóð, til dæmi vegna markaðsaðstæðna. Samruni verðbréfasjóða er ávallt háður samþykki Fjármálaeftirlitsins og gildir um það X. kafli laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði.

#### **12. gr.**

##### **Um slit sjóðsins**

Stjórn Landsbréfa hf. tekur ákvörðun um slit sjóðsins. Ef stærð sjóðsins fer undir 200 milljónir kr. er stjórninni heimilt að taka ákvörðun um að slíta sjóðnum, einnig ef markaðsaðstæður eru á þann veg að hagsmunir hlutdeildarskírteina séu best varðir með því að slíta sjóðnum. Komi til slita sjóðsins verður öllum eignum hans ráðstafað til hlutdeildarskírteinishafa hlutfallslega í samræmi við eign þeirra. Stjórn Landsbréfa hf. hefur heimild til að ákveða að við slit sjóðsins fái hlutdeildarskírteinishafar sem eiga yfir 50 milljónir kr. að markaðsvirði gert upp í hlutabréfum í sömu hlutföllum og sjóðurinn er samsettur. Tilkynna skal eigendum hlutdeildarskírteina um slit sjóðsins með fullnægjandi hætti. Tilkynningin skal innihalda skilmála slitanna og gildistöku þeirra breytinga. Réttindi eigenda hlutdeildarskírteinishafa við slit eru þau sömu hvort sem þeir hafa keypt hlutdeildarskírteini á frummarkaði eða eftirmarkaði.

Ákvörðun um breytingar á reglum þessum skal tekin af stjórn Landsbréfa og öðlast þær ekki gildi fyrr en þær hafa verið staðfestar af Fjármálaeftirlitinu. Landsbréf skulu tilkynna eigendum hlutdeildarskírteina um sérhverja breytingu á reglum þessum með fullnægjandi hætti. Stjórn Landsbréfa getur farið þess á leit að Fjármálaeftirlitið samþykki að veita undanþágu frá tilkynningarskyldu þessari, sbr. 4. mgr. 32. gr. laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði, en hafa skal að leiðarljósi að senda allar efnislegar breytingar á reglunum til hlutdeildarskírteinishafa. Reglur þessar skulu vera fjárfestum aðgengilegar að endurgjaldslausu. Ákvæði laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði gilda um önnur atriði en þau, sem fjallað er um í reglum þessum, eftir því sem við getur átt.